

3 er bæjarstjórnin hefir samþykkt, á lögreglusamþykkt fyrir Reykja-
16. jan. víkurkaupstað, 19. apríl 1919.

Í 75. gr. lögreglusamþykktarinnar komi á eftir orðunum „allir veitingastaðir“ í upphafi greinarinnar, orðin: „og almennar billjarðstofur“.

Ákvæði þetta öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hérmeð til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 16. janúar 1929.

Jónas Jónsson.

St. Gunnlaugsson.

4
21. jan.

GJALDSKRÁ

fyrir

notkun rafmagns í Vestmannaeyjakaupstað.

1. gr.

Allt rafmagn skal selt gegnum rafmagnsmæla. Verð fyrir hverja kílóvattstund er til ljósa kr. 0.80, til iðnaðar kr. 0.45 og til götuljósa kr. 0.65.

2. gr.

Í hvert sinn er fjárhagsáætlun rafstöðvar er gjörð, skal rafmagnsnefnd í samráði við rafstöðvarstjóra, gera tillögur um verðlag rafmagnsins fyrir næsta fjárhagstímabil, og leggist tillögur þessar fyrir bæjarstjórn til úrskurðar. Er bæjarstjórn heimilt að hækka eða lækka verðið alt að 50% frá því, sem ákveðið er í fyrstu grein, eftir því, sem rekstur rafstöðvar ber sig.

Allar verðlagsbreytingar skulu tafarlaust auglýstar opinberlega.

3. gr.

Heimilt er stöðvarstjóra í samráði við rafmagnsnefnd að leigja gegn sanngjörnu gjaldi rafmagnsmæla, þeim notendum ljósa, sem álízt að ekki hafi efni á að kaupa mæla. Ennfremur er heimilt að

selja fleirum en einum ljósnotanda rafljós í gegnum sama mæli, en 4
gjaldinu skal skift niður á þá og innheimt eftir eyðslu, samkvæmt kerta- 21. jan.
magni hvers notanda.

4. gr.

Verð á rafmagni til suðu, hitunar eða lækninga, verður ákveðið með samningi bæjarstjórnarinnar við hvern notanda. Þó má ekkert rafmagn senda út frá rafstöðinni án þess að mælt sé.

5. gr.

Rafmagnsgjald skal greiddast við aflestur. Á tímabilinu frá 1. september til 31. maí skal lesið af mælum við hver mánaðarmót, en frá 1. júní til 31. ágúst skal lesið af í ágústlok.

Aflestri skal þannig haga að byrjað sé fyrir hver mánaðarmót, það snemma, að sem jafnast verði beggja vegna.

6. gr.

Taka má öll gjöld rafstöðvar lögtaki. Húseigandi ber ábyrgð á því, að gjaldið sé greitt í tæka tíð.

Nú hefir rafmagnsnotandi ekki greitt áfallin gjöld, einum mánuði eftir að lesið hefir verið á mæli og krafið um gjaldið, eða skuldar nú frá fyrri árum, þá skal stöðvarstjóri slíta sambandi við hann, þar til greiðsla fer fram. Með samþykki bæjarstjórnar má slíta sambandi við notanda að fullu og öllu, hafi greiðsla ekki farið fram 2 mánuðum eftir gjalddaga. Sambandsslit skal tilkynna með sjö daga fyrirvara.

7. gr.

Með gjaldskrá þessari er úr gildi numin gjaldskrá fyrir notkun rafmagns í Vestmannaeyjakaupstað frá 6. okt. 1924.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar hefir samið og samþykkt, staðfestist hérmeð samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 21. janúar 1929.

Tryggvi Þórhallsson.

Páll Pálmason.